

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Fáskrúðsfjörður verði gjörður að póstafgreiðslustað. 54

18. maí

Í brjefi til stjórnarráðsins, dags. 7. þ m., hafid þjer, herra póstmeistari, með skirskotun til brjefs yðar til landshöfðingja, dags. 18. desbr. f. á., lagt það til, að Fáskrúðsfjörður verði gjörður að póstafgreiðslustað frá 1. næsta mánaðar að telja.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, til frekari aðgjörða, að stjórnarráðið fellst á þessa tillögu yðar.

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur- 55

5. maí

amtinu um endurgjald á kostnaði við heyrnar- og málleysingja.

Með brjefi, 15. jan. þ. á., hafid þjer, herra amtmaður, sent landshöfðingja til úrskurðar mál eitt, sem þjer og amtmaðurinn yfir Norðu- og Austuramtinu hafid ekki getað komið ykkur saman um, og er það svo vaxið, sem hjer greinir:

Á öndverðu ári 1895 mæltist sóknarpresturinn að Mælifelli í Skagafirði til þess í brjefi til amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu, að heyrnar- og málleysingjakennsla fengist handa stúlkubarni einu í sóknum hans, Halldóru Steinunni Andrjesdóttur á Reykjavöllum í Lýtingsstaðahreppi, fæddri 1883, og sendi hann jafnframt vottorð frá hlutadeigandi hjeraðslækni um, að hún hefði svo sljóa heyrn og þaraf leiðandi lítinn andlegan þroska, að nauðsyn væri á, að hún nyti þessarar kennslu. Sendi amtmaður svo um sumarið 1895 mál þetta til stiptyfirvaldanna, en þá var vistum svo ráðstafað á heyrnar- og málleysingjaskólanum á Stóra-Hrauni, að stúlkan gat eigi komizt þar að tyren á árinu 1899, enda afgreiddu stiptyfirvöldin eigi mál þetta til landshöfðingja fyr en í febrúarmánuði það ár, og samþykkti landshöfðingi þá þegar að kostnaðurinn við kennslu stúlkunnar yrði greiddur úr landssjóði. Þetta var þegar tilkynnt hlutadeigendum, en þá skrifaði sóknarpresturinn að Mælifelli amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu, að stúlkunni hefði síðan 1895 farið nokkuð fram með heyrn og mál, og foreldrar hennar teldu ýms vandkvæði á því, að senda hana suður á skólann á Stóra-Hrauni. Útaf þessu skrifaði amtmaðurinn aptur nefnd um presti, og fól honum að tilkynna foreldrum stúlkunnar, að þar sem henni hafi verið veitt inntaka á tjeðan skóla, þurfi þau til þess að sleppa hjá ábyrgð útaf því að halda henni hjá sjer, að senda amtmanni vottorð læknis um heilsufar hennar, heyrn og málfæri, og færa sönnur á að sjeð verði um kennslu hennar á þann hátt, er stiptyfirvöldin telji nægilega tryggan. Mun þetta hafa orðið til þess, að stúlkan var send suður á skólann á Stóra-Hrauni og kom hún þangað 30. júlí 1899, en 31. ág. s. á. skrifaði forstöðumaður skólans stiptyfirvöld unum og fór þess á leit, að stúlka þessi væri tekin burt af skólanum og ráðstafað á annan hátt, afþviáð kennsluáðferð sú, er hann noti við heyrnar- og málleysingja, eigi alls ekki við stúlku þessa, og sendi hann jafnframt vottorð frá hjeraðslækninum á Eyrarbakka, þar sem hann kemst svo að orði, að hún hafi

1. dag júnímánaðar 1904.